



Kvennaathvarfinu, 8. febrúar 2022

Umsögn Samtaka um kvennaathvarf
um tillögu til þingsályktunar um hraðari málsmeðferð
og bættu réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis við hjúskaparslit.
Þingskjal 175, 173.mál, 152.löggjafarþing

Í stuttu máli fagna Samtök um kvennaathvarf öllum aðgerðum sem lúta að því að auðvelda fólki sem býr við heimilisofbeldi að koma sér og börnum sínum út úr þeim aðstæðum og styðja því þær tillögur sem hér koma fram. Sambandsslit eru hættulegasta tímabilið í ofbeldissamböndum og allt sem lengir þann tíma er til þess fallið að setja þolendur, fullorðna og börn, í aðstæður þar sem lífi þeirra og heilsu er ógnað.

Tillögur sem lúta að sáttaumleitunum

Reynslan úr Kvennaathvarfinu sýnir að sáttaumleitunir um áframhald hjónabands þyngja til muna róður þolenda heimilisofbeldis sem vilja slíta hjónabandi. Ekki bara lengja þær málsmeðferðartíma heldur upplifa konur sem sækja sátta meðferð með eiginmönnum sem beitt hafa þær ofbeldi meðferðina oft sem áframhaldandi ofbeldi.

Séu sáttaumleitunir framkvæmdar er mikilægt að hafa í huga þá gríðarmiklu ábyrgð er á herðum þeirra sem með þær fara og er afar mikilvægt að þær séu í höndum aðila sem hafa sérþekkingu á ofbeldi í nánnum samböndum og afleiðingum þess fyrir börn og fullorðna.

Við teljum sáttaumleitunir skv. barnalögum ekki til þess fallnar að tryggja öryggi og velferð barna ofbeldismanna eftir skilnað og köllum eftir verkferlum þar sem lengra er gengið í að tryggja hagsmuni barna í þessum aðstæðum.

Tillaga sem lýtur að lögskilnaði án fjárskipta eða samkomulagi um forsjá barna

Fjölmörg dæmi frá undanförunum árum eru um að konur hafi dvalið með börnum sínum í Kvennaathvarfinu í hátt í ár sem er afar langur tími í neyðarathvarfi. Undantekningalítið kemur þessi langa dvöl til af því að skilnaðarferli dregst á langinn, einkum vegna þess að ekki liggur fyrir samkomulag um forsjá og/eða eignaskipti. Reynist þessi tími konum og börnum mjög erfiður, ofbeldið heldur áfram, konan hefur ekki aðgang að heimili sínu eða eignum en

nýtur heldur ekki réttinda sem einstætt foreldri eða ógiftur einstaklingur. Í sumum tilfellum verður þessi langi tími til þess að konan gefst upp og fer aftur heim til ofbeldismannsins. Fögnum við öllum aðgerðum sem geta leitt til þess að stytta þennan tíma.

Tillaga sem lýtur að skilyrði gjafsóknar

Mikilvægt er að hafa í huga að margir þolendur heimilisofbeldis búa við fjárhagslegt ofbeldi sem meðal annars gerir það að verkum að viðkomandi hefur ekki aðgang að fjármunum heimilisins og jafnvel ekki sínum eigin tekjum. Gjafsókn getur því skipt afar miklu máli þegar kemur að því að slíta ofbeldissambandi.

Samtök um kvennaathvarf fagna hugmyndum um heildarendurskoðun hjúskaparlaga og hvetja til þess að ofangreindar tillögur verði samþykktar. Fleira mætti gera til að bæta stöðu þolenda heimilisofbeldis svo sem að tryggja fólki sem ekki talar íslensku túlkþjónstu í skilnaðarferli og tryggja það að ofbeldi geti verið skráð sem skilnaðarsök með framlögðum gögnum, svo sem lögregluskýrslum, en ekki einungis með samþykki ofbeldismannsins.

Með bestu kveðjum úr Kvennaathvarfinu
Sigprúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra